

Aðgengisstefna RÚV

Inngangur

Í aðgengisstefnu Ríkisútvarpsins er lögð áhersla á þrjá meginþætti, aðgengi að miðlum, aðgengi í og við Útvarpshúsið, aðrar starfsstöðvar RÚV og á viðburðum á vegum þess og að fjölbreytileikinn í samfélaginu endurspeglast í miðlum RÚV.

Aðgengi að miðlum

Aðgengi fyrir blint og sjónskert fólk

Við hönnun á hugbúnaði skal tryggja að hann sé læsilegur í skjálesara fyrir blint og sjónskert fólk til að auðvelda því að ferðast um vefinn.

Blint og sjónskert fólk hefur aðgang að upplestri skjátexta í línulegri dagskrá RÚV í samstarfi við Blindrafélag Íslands.

Stefnt er að því að bjóða blindu og sjónskertu fólki upp á sjónlýsingar með leiknu íslensku sjónvarpsefni og þýðingar á sjónlýsingum með leiknu erlendu efni. Sérstaklega skal hugað að sjónlýsingum með barnaefni.

Aðgengi fyrir heyrnarskert og heyrnarlaust fólk

Íslensku sjónvarpsefni sem tekið er upp fyrir fram fylgja skjátextar.

Stefnt er að því að skjátextar verði aðgengilegir með öllum fréttatímum og umræðuþáttum í beinni útsendingu.

Þegar meiriháttar atburðir verða, svo sem náttúruhamfarir, alvarlegar sviptingar í stjórnámálum, heimsfaraldur eða hryðjuverk er þess gætt að skjátexti fylgi öllum fréttáflutningi.

Skjátextar fylgja með innlendu menningararefni í beinni útsendingu eftir því sem kostur er.

Aðgengi fyrir döff fólk

Á hverjum degi eru fluttar táknmálstúlkaðar fréttir.

Þegar meiriháttar atburðir verða, svo sem náttúruhamfarir, alvarlegar sviptingar í stjórnámálum, heimsfaraldur eða hryðjuverk, er kallaður út



táknmálstúlkur í aukafréttatíma. Einnig eru umræður í aðdraganda kosninga með táknmálstúlkun.

Aðgengisstefna RÚV
2 / 3

Sérstaklega er hugað að börnum sem tala táknmál sem fyrsta mál við gerð innlends barnaefnis.

Aðgengi fyrir fólk með þroskahömlun

Á RÚV.is eru birtar fréttir á auðskildu máli.

Þegar meiriháttar atburðir verða, svo sem náttúruhamfarir, alvarlegar sviptingar í stjórnámálum, heimsfaraldur eða hryðjuverk, eru birtar fréttir af því á auðskildu máli á síðunni.

Aðgengi fyrir fólk með annað móðurmál en íslensku

Á vef RÚV eru birtar fréttir á ensku og pólsku.

Leitast er við að bjóða upp á skjátexta með sjónvarpsefni í spilara RÚV á fleiri tungumálum en íslensku, sé þess nokkur kostur.

Aðgengi í og við Útvarpshúsið og aðrar starfsstöðvar RÚV

Sérmerkt bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk eru við innganga í Útvarpshúsið.

Tryggja skal að hjólastólarampar við innganga hússins séu færir allan ársins hring.

Sjálfvirkir opnarar skulu vera á hurðum milli svæða í Útvarpshúsinu.

Allar dyr í Útvarpshúsinu skulu vera nógu breiðar fyrir hjólastóla.

Gestir og starfsfólk með hreyfihömlun skulu hafa aðgang að rúmgóðri sérútbúinni snyrtingu á aðgengilegum stað í húsinu.

Tryggja skal að aðgengi fólks með hreyfihömlun og í hjólastólum að myndverum og hljóðstofum sé fullnægjandi.

Á gólf og vegg skal setja merkingar, sem nýtast blindu og sjónskertu fólki, til að forðast slyshættu og auðvelda ferðir þess um húsið og utan við það.

Sömu kröfur um aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk eru gerðar í öðrum starfsstöðvum RÚV um landið.

Tryggja skal blindu og sjónskertu starfsfólki og starfsfólki með hreyfihömlun aðstoð þar sem þörf er á, t.d. í matsal.

Heyrnarlausu eða heyrnarskertu starfsfólki skal tryggja aðgengi að upplýsingum og fundum sem ætlaðir eru öllu starfsfólki með þjónustu táknmálstúlks eða rittúlks eftir því sem við á.



Aðgengi að viðburðum á vegum RÚV

RÚV skal ganga úr skugga um að aðgengi fyrir hreyfihamlað, blint og sjónskert fólk að viðburðum á vegum RÚV utan Útvarpshússins sé fullnægjandi.

Fjölbreytileiki í miðlum RÚV

RÚV vill sýna þversnið þjóðarinnar í miðlum sínum.


RÚV hvetur áhugasöm til að sækja um störf óháð kyni, kyntjáningu, þjóðerni og líkamlegu atgervi.

Starfsfólk RÚV hefur í huga að álitsgjafar, bæði sérfræðingar og almenningur, um hin ýmsu málefni hvort sem það eru þjóðmál, menningarmál eða afþreying, séu af öllum kynjum, á mismunandi aldri, af mismunandi þjóðernum og með margvíslegt líkamlegt atgervi, t.d. með hvers kyns sýnilega fötlun.

Æskilegt er að gestir RÚV í sjónvarpssal eða á öðrum viðburðum RÚV, hvort heldur er sem þátttakendur eða áhorfendur, endurspegli mismunandi hópa samfélagsins, til dæmis að þeir séu af öllum kynjum, á mismunandi aldri, af ólíkum þjóðernum og með margvíslegt líkamlegt atgervi, t.d. með hvers kyns sýnilega fötlun.

Starfsfólk RÚV gætir þess að fólk sem tilheyrir jaðarhópum í samfélaginu sé ekki einvörðungu sýnilegt þegar málefni þessara hópa eru til umfjöllunar. Íslenskt táknmál, sem er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra, er sýnilegt í miðlum RÚV.

Ríkisútvarpinu, 10. mars 2022



Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri.